

AUGLÝSING

um framlagningu kjörskráa við alþingiskosningar 13. júní 1971.

Samkvæmt heimild í 2. málsg. 19. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis er hér með ákveðið, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 13. júní næstkomandi, verði lagðar fram.

Samkvæmt 1. málsg. 19. gr. kosningalaganna skulu sveitarstjórnir hafa lagt kjörskrár fram eigi síðar en 13. apríl næstkomandi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. apríl 1971.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.

3. febrúar 1971.

Nr. 59.

AUGLÝSING

**Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1963,
um bæjanöfn, gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum
bæjanöfnum á árinu 1970:**

Borgarfjarðarsýsla:

Melgerði á nýbýli í landi Hóls, Lundarreykjadalshreppi.

Mýrasýsla:

Laufskálar II á garðyrkjubýli í landi Laufskála, Stafholtstungnahreppi.

Strandasýsla:

Framnes á nýbýli í landi Kaldrananess, Kaldrananeshreppi.

Austur-Húnavatnssýsla:

Móberg nýtt nafn á eignarhlutanum Móberg I í jörðinni Móberg, Engihlíðarhreppi.
Skriðuland nýtt nafn á eignarhlutanum Móberg II í jörðinni Móberg, Engihlíðarhreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Áshóll I á eignarhluta í jörðinni Áshóll, Grýtubakkahreppi.

Áshóll II á eignarhluta í jörðinni Áshóll, Grýtubakkahreppi.

Rauðaskriða II á eignarhluta í landi Rauðuskriðu, Aðaldælahreppi.

Rimar á nýbýli í Jarlsstaðalandi, Grýtubakkahreppi.

Árnessýsla:

Birkiflöt á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Ósabakki III á nýbýli í landi Ósabakka, Skeiðahreppi.

Syðri-Reykir III á garðyrkjubýli í landi Syðri-Reykja I, Biskupstungnahreppi.

Straumur á garðyrkjubýli í landi Flúða, Hrunamannahreppi.

Varmagerði á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Vorsabær II á nýbýli í landi jarðanna Vorsabæjar og Efrivalla, Gaulverjabæjarhreppi.

Ösp á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 3. febrúar 1971.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

Nr. 60.

9. febrúar 1971.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstri um Vallarstræti og Thorvaldssensstræti verður snúið við, þannig að ekið verður frá Pósthússtræti í Vallarstræti og Thorvaldssensstræti, en innakstur frá Kirkjustræti í Thorvaldssensstræti verður bannaður.
2. Einstefnuakstur verður á Skálholtið til vesturs frá Laufásvegi að Frikirkjuvegi.
3. Vinstri beygja verður hönnuð af Laugavegi til norðurs í Nóatún, en bann þetta gildir þó ekki fyrir strætisvagna Reykjavíkur.
4. Vinstri beygjur verða bannaðar af Háaleitisbraut til norðurs og suðurs í Kringlumýrarbraut.
5. Lónsbraut verður aðalbraut, þó þannig, að umferð um hana viki fyrir umferð um Rofabæ og Bæjarháls.
6. Stöðumælar verða settir upp á Rauðarárstíg við Búnaðarbankann, Austurbæjarútibú og við miðeyju Snorrabrautar á milli Grettisgötu og Hverfisgötu. Gjald fyrir afnot stöðumælareita verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. febrúar 1971.

Sigurjón Sigurðsson.